






**Finndu út um hvaða jólasvein hver texti er.
Þá skaltu klippa út myndina af jólasveininum og líma á réttan stað!**




Hann var sagður sjúga mjólk úr kindum en hafði staurfætur á báðum svo heldur gekk það brösuglega. Stekkur er gamalt heiti á sérstakri fjárrétt og þaðan dregur sveinninn nafn sitt.



Hann faldi sig í fjósinu og fleytti froðuna ofan af mjólkurfötunum þegar enginn sá til. Í gömlum heimildum er getið um Froðusleiki og ekki er ólíklegt að þar sé sami sveinn á ferð.




Sá þriðji og jafnframt sá minnsti, eins og nafnið gefur til kynna. Hann var sagður hnupla pönnum og hirða agnirnar sem brunnu fastar við barmana.




Hann hafði yndi af því að sleikja þvörur og skaust í eldhúsið til að nappa þeim úr pottunum þegar eldabuskan vék sér frá.


Gleðileg mjólk




Hann skóf eða sleikti skófirnar úr pottunum. Í gömlum heimildum má jafnframt finna nöfn á borð við Skefil og Skófnasleiki.




Fyrr á öldum, þegar fólk mataðist enn úr öskum, faldi hann sig gjarnan undir rúmum. Þegar askarnir voru lagðir fyrir hunda og ketti til að leyfa þeim að sleikja, varð sveinninn fyrri til, krækti í þá og hreinsaði innan úr þeim.




Hávaðabelgur sem skellir hurðum og truflar svefnfrið fólks. Sums staðar gengur hann enn undir nafninu Faldafeykir en hann á að hafa feykt til földum.




Stór, sterklegur og sólginn í skyr. Hann leitaði uppi skyrtunnur og át, þar til hann stóð á blístri. Íslenskir jólasveinar hafa skiljanlega alltaf verið afskaplega hrifnir af mjólkurafurðum




Hann vatt sér upp í rjáfrin þar sem bjúgu héngu á eldhúsbitum, sat svo þar og gæddi sér á þeim.




Hann er vanur að laumast að gluggum og gægjast inn. Oft girnist hann þá eitthvað sem hann sér og reynir seinna að komast yfir það



Hann er með gríðarstórt nef og finnur lykt af laufabrauði langt upp á fjöll. Þá trítlar hann til bæja, enda veikur fyrir lyktinni, og stingur hausnum inn um gættina til að drekka hana í sig.



Hann var vanur að stinga löngum krókstjaka niður um strompana og krækja sér í hangikjötslæri sem geymd voru upp undir rjáfri.



Hann er gríðarlega veikur fyrir tólgarkertum og vill helst éta þau. Hins vegar finnst honum loginn af þeim líka afskaplega fallegur og er því oft tvístígandi.

Gleðileg mjólk



Gledileg jólk

